

Fundargerð marsfundar , haldinn 23.mars kl. 19:15í húsi Rauðakross Íslands að Efstaleiti 9 í boði Helgu Halldórsdóttur.

Mættar :Anh-Dao, Björg, Björk, Elín, Guðný,Helga, Hildur, Hrefna, Ingibjörg Jónasdóttir, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Löve, Sigríður (Sirrý), Sigrún Aðalbjarnardóttir eldri, Sigrún Aðalbjarnar yngri, Stefanía og Svana.

Aðalefni fundarins var að Sigrún Aðalbjarnardóttir yngri kynnti fyrir okkur niðurstöður úr rannsókn sem hún vinnur að um þessar mundir um borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi. Stefanía var með orð til umhugsunar, fréttir og önnur mál.

Björg setti fundinn með því að kveikja á kertunum góðu. Helga las fundargerð frá janúarfundi.

Orð til umhugsunar:Stefanía er á leið til Írans þann 16. apríl. Í tilefni þess las hún kafla úr bókinni „Slæðusviptingar - Raddir íranskra kvenna“ eftir Höllu Gunnarsdóttur. Það getur verið flókið að tileinka sér og skilja reglur á erlendum slóðum. Íranar eru með eindæmum gestrisnir og ber manni að afþakka þrisvar ef maður ætlar ekki að þiggja velvilja þeirra, þetta getur verið nokkuð tímafrekt. Fyrst og fremst erum við öll „velkomin til Írans og erum þeirra gestir og þeir sem þeir vilja helst bera á örmum sér.“

Fréttir:Anh-Dao hefur nýlengið við að gefa út í samstarfi við bókaútgáfuna Iðnú, víetnömsk-íslensk/íslensk-víetnömsk, orðabók. Anh-Dao þakkar Gammasystur fyrir stuðninginn við umsókn til Alþjóðasamtaka DeltaKappaGamma, en hún fékk styrk til doktorsnámsins að upphæð \$6000.

Rannsóknin sem Sigrúnkynnti fyrir okkur fjallar um „Hvernig tengist upplifun ungmenna á bekkjarbrag lýðræðishugmyndum þeirra ?“ Sigrún byrjaði á að segja okkur frá nokkrum mismunandi rannsóknum sem hún vinnur að um þessar mundir. Þær eiga það allar sameiginlegt að miða að því að styrkja börn, unglunga og ung fólk sem einstaklinga og þátttakendur í samfélaginu. Þetta eru ýmist langtíma- og/eða skammtímarannsóknir.

Í þeim hluta rannsóknarinnar á borgaravitund ungs fólks sem Sigrún kynnti skoðar hún tengsl á milli þess annars vegar hvernig ungmenni upplifa bekkjarbrag og hins vegar skilning þeirra á lýðræði, viðhorf þeirra til mannréttinda og sýn þeirra á borgaralega þátttöku. Um 1500 ungmenni tóku þátt í rannsókninni á aldrinum 11, 14 og 18 ára frá þremur mismunandi stöðum á landinu. Gögn frá þeim sem voru 14 og 18 ára voru notuð í þeim hluta rannsóknarinnar sem hún kynnti. Upplifun ungmennanna af bekkjarbrag vísaði í tvo þætti, annars vegar hvort þau upplifðu lýðræðislega kennsluhætti (t.d. hversu sammála þau eru eftirfarandi fullyrðingu: Kennarar mínir kynna fleiri en eina skoðun á málinu þegar mál eru rædd í tímum. Hinn þáttur bekkjarbrags var hvort þau upplifðu virðingu, traust og væntumþykju í bekkjarstarfinu.

Niðurstöður úr rannsókninni benda til þess að ungmenni sem upplifðu lýðræðislega kennsluhætti í ríkari mæli en hin, höfðu í fyrsta lagi meiri skilning á hvað lýðræði stendur fyrir. Í öðru lagi höfðu þau jákvæðara viðhorf bæði til kvenréttinda og réttinda innflytjenda. Og í þriðja lagi fannst þeim borgaraleg þátttaka mikilvæg, bæði hefðbundin borgaraleg þátttaka eins og að kjósa og félagsleg borgaraleg þátttaka eins og að taka þátt í friðsamlegum mótmælum, vernda umhverfið eða hjálpa fólki sem er aðstoðar þurfi. Saman niðurstaða fékkst þegar skoðuð voru tengsl á milli í hve ríkum mæli þau upplifðu virðingu, traust og væntumþykju í bekkjarstarfinu. Þau sem upplifðu þessi gildi í ríkari mæli höfðu meiri skilning á hvað lýðræði stendur fyrir; þau höfðu jákvæðara viðhorf til réttinda kvenna og innflytjenda og þeim fannst þátttaka borgaranna í samfélaginu mikilvægari.

Athyglisvert var að heyra raddir unga fólksins sem greinilega þyrstir eftir lifandi kennsluháttum. Helga 17 ára segir „Við hugsum of mikið um einkunnir í stað þess að kenna okkur að verða virkir þegar í samfélaginu“. Með hliðsjón af þessum niðurstöðum er áskorunin sú að búa kennara og kennaranema betur undir að nota lýðræðislega kennsluhætti sem efla hjá ungmennum borgarlega vitund og hvetur til borgarlegrar þátttöku. Að lokum minnti Sigrún okkur á, að við megum ekki gleyma því að við erum öll uppalendur og berum ábyrgð á að hlúa að samskiptahæfni barna/ungmenna, siðferðiskennd þeirra og borgarlegri vitund í fjölmennningarlegu lýðræðisþjóðfélagi.

Fjörugar umræður spunnust í lokin: Hvert leiðir það í menntun kennara að í auknum mæli sækja kennaranemar í fjarnám? Hvað verður þá um listina að tjá sig og rökræða? T.d. mismunur á Dönum og Íslendingum, Danir rökræða og skiptast á skoðunum, hjá Íslendingum er yfirleitt einn sögumaður sem hópur (gapir) hlustar á.

Önnur mál :Ingibjörg Jónasdóttir minnti okkur á vorþingið sem ber yfirskriftina „ Góðir hlutir gerast“ sem verður haldið 17. Apríl. Þingið verður auglýst síðar á heimasíðunni og við fáum netpóst. Þingið verður opið öllum sem hafa áhuga á uppeldismálum, þannig að upplagt er að auglýsingin fari sem víðast. Daginn áður, þann 16.apríl verður námskeið í leiðtogaþjálfun.

Björg minnti á að aðalfundur verður haldin 31.mars að Kríunesi. Betur auglýst síðar.

Ritari : Hrefna Þ.